

Nr. 17-089 S 066 Laxi RE 66***Siglin á rekald***

Skipaskr.nr. 6299
Útgerð: Emil Þór Ásgeirsson
Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast
Stærð: 4,2 brl. 3,6 bt.
Mesta lengd: 6,93 m Skráð lengd: 6,83 m
Breidd: 2,48 m Dýpt: 1,32 m
Vél: Volvo Penta 119 KW,
Fjöldi skipverja: 1



Laxi ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynt og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. júní 2017 var strandveiðibáturinn Laxi RE 66 á siglingu á Patreksfirði. Veður: VSV 1 m/s.

Á siglingunni sigldi báturinn á fljótandi svart plaströr. Skipstjóri sigldi bátinum til hafnar á Patreksfirði til að kanna skemmdir og í ljós kom að þær voru þó nokkrar.

Við rannsókn kom fram:

- að Laxi var á 13 hnúta ferð þegar hann lenti á rörinu en það fór undir bátinn og lenti í hældrifinu sem eyðilagðist;
- að skipt var um hældrif á bátinum;
- að í ljós kom að plaströrið var frá fiskeldisfyrirtækinu Arnarlaxi og að það hefði sennilega verið á floti þarna vegna mannglegra mistaka;
- að björgunarskipið Vörður frá Patreksfirði sótti plaströrið að beiðni Vaktstöðvar siglinga og kom því á land.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að plaströr var á reki í siglingaleið.

Nefndin hvetur aðila í fiskeldi að gæta vel að búnaði sínum og tilkynna tafarlaust til Vaktstöðvar siglinga ef kvíar eða hlutar þeirra fara á rek.